

Drög að endurskoðaðri skólastefnu fyrir Borgarbyggð 2022-2027



Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og grunnskóla nr. 91/2008 er sveitarfélögum lögð sú skylda á herðar að setja skólum sínum almenna stefnu um starfið. Augljóst er að skólastefna þarf að vera í stöðugri endurskoðun og æskilegt að sem flestir komi að stefnumótuninni. Á þetta hefur verið lögð áhersla og sú skólastefna sem hér er sett fram er til orðin í víðtækri samvinnu. Að endurskoðuninni hafa komið fræðslunefnd Borgarbyggðar, starfsfólk skólanna og skólaþjónustunnar, fulltrúar nemenda, foreldrar og íbúar. Skólastefnan leysir af hólmi skólastefnu sem í gildi var 2016–2020. Áform voru um að ljúka endurskoðun hennar fyrr, en heimsfaraldurinn 2020–2022 tafði það verk eins og svo mörg önnur.

Á þeim fundum sem haldnir voru við undirbúning að endurskoðun skólastefnunnar var leitast við að leggja mat á skólastarfið, greina sterkar hliðar þess og ræða hvað brýnast væri að bæta, afmarka sóknarfæri og leggja drög að þeim áherslum sem æskilegt væri að horfa til í ljósi framtíðar. Sú skólastefna, sem hér er sett fram, byggir á þeim viðhorfum sem fram komu á fundunum og mest samstaða sýndist um. Litið er svo á að skólastefnan sé sáttmáli samfélagsins um þróun skólastarfsins á næstu árum.

Margt hefur áunnist í menntamálum Borgarbyggðar á undanförunum árum. Sem dæmi má nefna að glæsileg viðbygging hefur risið við Grunnskólann í Borgarnesi og húsakynni hans endurnýjuð. Leikskólabygging hefur verið reist á Kleppjárnsreykjum, sem og starfsmannaaðstaða fyrir leik- og grunnskóla. Skólarnir hafa styrkst faglega og ráðist hefur verið í mörg skólaþróunarverkefni sem hafa haft fjölbreyttari kennsluhætti, betri námsárangur og vellíðan nemenda að leiðarljósi. Nefna má innleiðingu velferðarkennslu og að teymiskennsla er nú lögð til grundvallar í grunnskólastarfinu. Stofnuð hefur verið staða málstjóra hjá skólaþjónustunni og aðkoma skólasálfræðinga að leikskólunum aukin. Mörg skólaþróunarverkefni leik- og grunnskólanna hafa vakið athygli á landsvísu og skólarnir hafa sett sér sameiginlega læsisstefnu. Sveitarfélagið hefur lagt áherslu á að styrkja starfsfólk skólanna til náms- og starfsþróunar. Tekin var ákvörðun um að Borgarbyggð yrði barnvænt samfélag og hafin er innleiðing Barnasáttmálans í skólunum. Allir skólarnir leggja áherslu á heilsueflandi starf. Tækjabúnaður skólanna hefur verið aukinn og aðstaða bætt, þó þar þurfi enn að

gera betur. Þá er hafinn undirbúningur að því að Tónlistarskólinn bjóði menntun á fleiri sviðum lista og stefnt að því að hann verði í framtíðinni alhliða listaskóli.

Sú sérstaka aðstaða er í Borgarbyggð að þar eru skólar á öllum skólastigum, leik- og grunnskólar, framhaldsskóli og tveir háskólar, auk tónlistarskóla. Skólarnir eru ólíkir og hafa fengið að þróast, hver á sinn hátt. Fjölbreytt mannlíf og atvinnulíf, dreifbýli og þéttbýli, viðburðarík saga og stórkostleg náttúra skapa skólastarfinu einstaka umgjörð og möguleika til að búa börnum og ungmönnum bestu skilyrði til náms og þroska.

Það er stefna Borgarbyggðar að bjóða nemendum og aðstandendum þeirra framúrskarandi skóla og starfsumhverfi sem standast ítrustu gæðakröfur og eru eftirsóknarverðir vinnustaðir.

Áskoranir og sóknarfæri

Endurskoðun skólastefnunar miðar að því að bregðast sem best við þeim áskorunum sem við blasa um leið og horft er til framtíðar. Hér er fyrst að nefna áframhaldandi þróun skóla án aðgreiningar þar sem komið er til móts við fjölbreyttar þarfir nemendahópsins, m.a. með aukinni einstaklingsmiðun. Áfram verði byggt á teymiskennslu og kennsluráðgjöf og önnur skólaþjónusta eflað.

Starfsfólk leikskólanna hefur áhyggjur af minnkandi málskilningi barna og málþroska. Á næstu árum þarf að hlúa sérstaklega að því að efla málþroska, mál og málskilning. Hið sama gildir um lestur og lesskilning – þar má hvergi slaka á.

Þrátt fyrir umtalsverða endurnýjun á tæknibúnaði vantar enn talsvert á að nemendur hafi bestu aðstæður til að nýta upplýsinga- og snjalltækni í námi sínu. Úr þessu þarf að bæta. Kallað hefur verið eftir því að sérstakur aðili muni leiða þá þróun og möguleikar eru á samstarfi við Menntaskóla Borgarfjarðar í þessum efnum.

Enda þótt skólarnir séu í heild vel skipaðir fagmenntuðum kennurum og öðru starfsfólki, vantar þar á í nokkrum tilvikum, einkum á leikskólastiginu. Leita þarf allra leiða til að fjölga fagmenntuðum leikskólakennurum og efla starfsþróun, bæði fagmenntaðra starfsmanna, sem og ófaglærðra.

Veruleg sóknarfæri sýnast fólgin í því að efla enn samstarf skólanna þvert á stig og milli skóla í því skyni að miðla hugmyndum og þekkingu betur milli skóla og nýta sérþekkingu og mannauð til hins ítrasta.

Þá eru mörg sóknarfæri tengd enn nánara samstarfi við foreldra og forráðamenn. Samkvæmt lögum bera foreldrar ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Áriðandi er að efla skilning allra foreldra á því að viðhorf þeirra til náms, hvatning og stuðningur geta haft afgerandi áhrif á námsáhuga og námsárangur.

Helstu áskoranir hvað varðar skólaskipan tengjast fækkun barna á upptökusvæði Varmalandsdeildar Grunnskóla Borgarfjarðar og eins hefur börnum í leikskólanum Hraunborg á Bifröst verið að fækka mikið. Brýnt er að skoða hvort og þá hvernig eigi að bregðast við þessu aðstæðum.

Loks er áriðandi að huga að lausnum í húsnæðismálum þar sem á vantar. Leikskólarnir í Borgarnesi anna ekki eftirspurn. Huga þarf að stækkun þeirra skóla sem fyrir eru eða hvort byggja þurfi nýjan. Bæta þarf starfsumhverfi í nokkrum leikskólanna. Endurnýja þarf hluta húsnæðis Grunnskóla Borgarfjarðar og bæta útiaðstöðu í þeim skólum þar sem henni er ábótavant. Loks þarf að bæta þarf aðstöðu til tónlistarkennslu í Grunnskóla Borgarfjarðar. Einnig er kominn tími á endurinnrétta húsnæði Tónlistarskólans.

Skóli án aðgreiningar – menntun fyrir alla

Í skólunum í Borgarbyggð er lögð áhersla á að koma sem best til móts við fjölbreyttar þarfir allra nemenda. Fjölbreytileikanum er fagnað og markmiðið að laga námið sem best að „þroska, persónugerð, hæfileikum, getu og áhugasviði“ hvers og eins nemanda eins og þetta er orðað í Aðalnámskrá (bls. 42). Grunnhugmynd menntunar fyrir alla er trúin á að öll börn geti lært.

Á næstu misserum verði eftirfarandi áherslur í fyrirrúmi til að koma betur til móts við fjölbreyttan nemendahóp:

- Bæta aðgang að sérfræðipjónustu; sérkennurum, fjölskylduráðgjöfum, sálfræðingum, atferlisfræðingum og talmeinafræðingum og stefna að því að ráða að skólunum fleiri sérkennara, þroskaþjálfara eða iðjuþjálfara og að þeir vinni sem mest í teyrum með kennurum.
- Að þróa markvisst áfram árangursríka starfshætti í samræmi við stefnu og lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna með það að markmiði að mæta þörfum barna sem best og veita þeim snemmtækan stuðning.
- Að virkja, nýta og þróa móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku og veita þeim nemendum kennslu við þeirra hæfi til að efla íslenskunám þeirra.
- Nemendur, sem þurfa námsaðstoð, fái hana eftir því sem unnt er, í almennum námsrýmum, fremur en námsverum eða sérskennslustofum.
- Námsaðstoð á snúast um að styrkja og byggja undir styrkleika nemenda.
- Aukin áhersla verði lögð á einstaklingsnámskrár sem gerðar séu í samráði við nemendur og foreldra
- Mikilvægt er, ekki síst á unglíngastigi, að leita leiða til að koma betur til móts við nemendur sem finna sig illa í bóknámi, með verklegum viðfangsefnum, nýsköpunar- og tækniverkefnum eða atvinnutengdu námi. Með hliðstæðum hætti þarf að finna hvernig best er hægt að koma til móts við bráðger börn.
- Þess sé vandlega gætt að kynna kennurum og foreldrum þá stoðþjónustu og þau úrræði sem eru tiltæk hverju sinni.
- Sveitarfélagið móti úrræði til að koma til móts við börn sem glíma við geðræn vandkvæði eða alvarlegan samskiptavanda.

Uppeldi, nám og kennsla

Leik- og grunnskólar í Borgarbyggð byggja starf sitt á lögum og aðalnámskrá. Í því felst m.a. að í öllu starfi þeirra eru leitast við að fylgja grunnþáttum menntunar: Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Í ljósi hraðra samfélagsbreytinga er áhersla á stöðugt skólaþróunarstarf. Þróunarverkefni í leik- og grunnskólum Borgarbyggðar hafa vakið athygli á landsvísu. Má þar nefna verkefni sem tengjast teymiskennslu, útikennslu, fjölmiðlun, velferðarkennslu, skapandi starfi, kynfræðslu, valnámskeiðum og þema- og áhugasviðsverkefnum svo fátt eitt sé nefnt. Áhersla hefur verið lögð á vellíðan nemenda, einstaklingsmiðað nám, umhverfismennt, heilsueflingu, jákvæðan skólabrag, lýðræðisuppeldi og læsi.

Leikskólarnir hafa byggt starf sitt á viðurkenndum uppeldishugmyndum sem sóttar hafa verið til jákvæðrar sálfræði, framsækinnar kennslufræði, hugmynda um opinn efnivið og um uppeldisgildi leiksins. Á leikskólastiginu er frjáls leikur og sköpun í fyrirrúmi sem og önnur viðfangsefni sem efla mál-, tilfinninga-, siðferðis- og félagsþroska, gefa börnunum færi á að sýna sjálfstæði og frumkvæði og ýta undir fróðleiksfýsni þeirra. Þegar í grunnskólann kemur beinist áherslan að lykilhæfni; sjálfstæðum vinnubrögðum, samvinnu, hæfni til upplýsingaleitar, að nýta ólíka miðla og taka ábyrgð á eigin námi.

Umhverfismennt og útinám hefur lengi verið áhersluþáttur í starfi allra skólanna. Fjórir þeirra skarta Grænfána og menntun til sjálfbærni er miðlægur þáttur í þeim öllum. Allir skólarnir hafa mótað sér uppeldisstefnu þar sem áhersla er lögð á að efla persónulega færni barnanna, sjálfstraust, tilfinningastjórnun, frumkvæði, samskipti og félagslega færni, sem og lausnaleit og ýmist byggt á hugmyndum sem sóttar eru til *Uppeldis til ábyrgðar* eða *Leiðtogans í mér*. Þá vinna allir skólarnir undir merkjum heilsueflingar. Skólarnir vinna sömuleiðis allir að innleiðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, í tengslum við ákvörðun Borgarbyggðar um þátttöku í verkefningu Barnvænt samfélag.

Við þróun starfshátta á næstu árum verður áhersla á að:

- Stigin verði stærri skref í átt til einstaklingsmiðaðs náms, meðal annars með aukinni áherslu á þátttöku og val nemenda, sjálfstæð viðfangsefni og leiðsagnarmat.
- Í anda Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna verður aukin áhersla á virkt nemendalýðræði; áhrif nemenda á nám og starf verða aukin, m.a. með fleiri áhugasviðsverkefnum, fjölbreyttu vali, bekkjarfundum, skólaþingum og öðru sjálfsefandi starfi.
- Sérstakt kapp verði lagt á að efla málþroska, málskilning, orðaforða, lestur og lesskilning og að ráðgjöf við kennara og foreldra miðist við bæði skólastigin. Skólarnir velji sér viðurkenndar kannanir til að fylgjast með framförum nemenda.
- Með það að markmiði að auka samfellu í námi verði leikur og sköpun í fyrirrúmi, og sérstaklega hugað að þessum þáttum á mörkum skólastiganna til að fylgja eftir áherslum á leikskólastigi.
- Hver skóli setur sér umhverfisstefnu þar sem fram kemur hvernig staðið er að námi í sjálfbærni.
- Útinám verði áfram eitt af aðalsmerkjum skólanna og nýrra tækifæra leitað, m.a. með nýjum eða endurbættum útíkennslusvæðum, umhverfisverkefnum og þátttökunámi.
- Þessi verði gætt að uppeldisstefnur skólanna, *Uppeldi til ábyrgðar* og *Leiðtoginn í mér*, séu virk tæki og velferðarkennslan, sem fengin er góð reynsla af, fest í sessi.
- List og verkgreinar skipi verðugan þátt í námi barnanna. Aukin áhersla verði á skapandi viðfangsefni, könnunaraðferðir, verkefnamiðað nám, samvinnunám, nýsköpun, frumkvöðlamennt, lausnaleit og þemanám.
- Áfram verði stigin skref til að nýta upplýsinga- og snjalltækni sem best í þágu náms og kennslu og þjálfna nemendur í stafrænu læsi.
- Lífsleikniþáttum verði fléttað markvisst inn í námið.

Leiðtoginn í Mér

Uppeldisstefna leikskólanna í Borgarbyggð og Grunnskóla Borgarfjarðar byggja á hugmynda- og aðferðafræði sem kennd er við *Leiðtogann í Mér* (e. *The Leader in Me*). Markmiðið er að byggja upp sterka einstaklinga með góða leiðtogafærni til að takast á við áskoranir í lífi og starfi. Tilgangurinn er að undirbúa næstu kynslóð undir það að takast á við áskoranir og tækifæri 21. aldarinnar. *Leiðtoginn í mér* beinist öðru fremur að því að hjálpa hverjum einstaklingi að nýta hæfileika sína og styrk. Leitast er við að byggja upp hjá hverju barni skilning og færni til að geta borið ábyrgð á eigin ákvörðunum og þannig mótað líf sitt til hins betra ásamt því að þroska samskiptahæfni nemenda og starfsfólks.

Sjá nánar um stefnuna á þessari slóð:

<https://franklincovey.is/the-leader-in-me/>

Uppeldi til ábyrgðar

Grunnskólinn í Borgarnesi sækir uppeldisstefnu sína til *Uppeldis til ábyrgðar* (Uppbyggingarstefnan, e. Restitution) sem er heildstæð aðferð sem beinist að því að efla jákvæð samskipti. Aðferðin byggir á því að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og að fylgja þeim síðan eftir með fáum en skýrum reglum. Áhersla er lögð á að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsgildi. Byggt á þeirri meginhugmynd að fólk sé fætt með sjálfstæðan vilja og að áhuginn komi að innan. Áhersla er lögð á lífsgildi, að nemendur læri að þekkja grunnþarfir sínar og að þeir læri af mistökum sínum og fái tækifæri til að leiðrétta þau.

Sjá nánar um stefnuna á þessari slóð:

<https://uppbygging.is/>

Grunnskólanir í Borgarbyggð byggja lestrarnámið m.a. á Byrjendalæsi

Byrjendalæsi er lestrarkennslunálgun fyrir 1. og 2. bekk sem byggir á að börn læri best í samfélagi jafningja, með samvinnu, stigskiptum stuðningi og hvers konar námsaðlögun sem auðveldar kennurum að koma til móts við ólíkar þarfir þeirra og áhugasvið. Áhersla er lögð á kennsluáðferðir í læsi feli í sér nálgun sem nær til allra þátta móðurmálsins. Þannig er vinna með tal, hlustun, lestur og ritun felld í eina heild undir hatti læsis. Ennfremur eru sértækir þættir tungumálsins, svo sem hljóðvitund, réttitritun, skrift, orðaforði og lesskilningur tengd inn í ferlið. Meginmarkmið *Byrjendalæsis* er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni. *Byrjendalæsi* gerir ráð fyrir því að hægt sé að kenna börnum sem hafa ólíka færni í lestri hlið við hlið og því er lögð áhersla á samvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt.

Sjá nánar um Byrjendalæsi á þessari slóð: <https://lesvefurinn.hi.is/node/241>

Samstarf skólanna í Borgarbyggð

Í Borgarbyggð er sú einstaka aðstaða, miðað við önnur sveitarfélög af svipaðri stærð, að þar eru skólar á öllum skólastigum; leik- og grunnskólar, framhaldsskóli og tveir háskólar, auk tónlistarskóla. Nokkurt samstarf hefur verið milli sumra skólanna, meðal annars með samstarfssamningum, en mörg sóknarfæri eru fólgin í enn öflugra samstarfi. Hvort tveggja er eftirsóknarvert að efla samstarf milli skólastiganna, sem og samstarf skóla á hvoru skólastigi. Meðal augljósra tækifæra má nefna sameiginleg starfs- og skólaþróunarverkefni, sameiginlega gagna- eða hugmyndabanka, samráð um að skapa meiri samfellu í námi barnanna, nýta sérfræðiþekkingu milli skóla, sem og auka að gagnkvæma miðlun hugmynda og reynslu.

Menntaskólinn í Borgarfirði undirbýr nú viðamiklar breytingar á námskrá undir yfirskriftinni *Menntun fyrir störf framtíðar*. Markmið beinast m.a. að því að efla þátt stafrænnar miðlunar, sköpunar og STEAM greina (vísinda, tækni, nýsköpununar, lista og stærðfræði). Einnig verður augin áhersla á lykilhæfni og lífsleikni (lífsnám). Þá er verið að þróa í skólanum svokallað *Framtíðarver* með aðstöðu til margs konar tæknivinnu, miðlunar og sköpunar.

Huga þarf að eftirfarandi atriðum:

- Áriðandi er að á næstu misserum sé tekin afstaða til þess að hvaða marki skólarnir í Borgarbyggð lagi sig að framtíðaráherslum Menntaskólans og hvort leita eigi samstarfs um *Framtíðarver*íð.

- Til að skapa samfellu í námi barnanna verði efnt til reglulegs samráðs leik- og grunnskóla um faglegar áherslur. Sem dæmi um þætti mætti nefna leik, læsi, málrækt, stærðfræði, sköpun, félagsfærni, umhverfismennt og útinám.
- Leitað verði leiða til að nýta sérþekkingu starfsmanna og mannauð þvert á skóla og skólastig.
- Sameiginleg starfsþróun verði aukin með sameiginlegum fræðslufundum, námskeiðum, ráðstefnum og samráðsfundum.
- Kannaðir verði möguleikar á að skólastigin komi sér upp sameiginlegum hugmyndabanka (námsgagnabanka).
- Efnt verði til fleiri sameiginlegra viðburða sem allir skólar í sveitarfélaginu koma að.
- Áhersla verði lögð á að kynna grunnskólanemendum framhaldsskólaáganganga sem þeim standa til boða í Menntaskóla Borgarfjarðar eða öðrum framhaldsskólum og þeir hvattir til að nýta sér þá.
- Tilraunir verði gerðar með vinaverkefni og þátttökuverkefni milli skólastiganna.

Listaskóli Borgarfjarðar / Tónlistarskólinn verði listaskóli

Tónlistarskóli Borgarfjarðar gegnir fjölbreyttu hlutverki í menningarlífi Borgarbyggðar. Honum er ætlað að vinna að aukinni hæfni, þekkingu og þroska einstaklinga, virkja nemendur til þátttöku og að stuðla þannig að öflugum tónlistarlífi. Sem listaskóli mun hann hafa sömu sterku stöðu á sviði tónlistar en víkka starfssvið sitt og bjóða tækifæri á sviði fleiri listgreina. Sérstök áhersla verður á gæði annars vegar og samstarf við virka aðila á vettvangi hins vegar. Sýnileiki listnámsins í formi tónleika og sýninga verður lykilþáttur í framkvæmdinni.

Tónlistarskólinn tekur mið af margvíslegum áhugasviðum nemenda, getu þeirra og þroska. Námsframboðið er fjölbreytt og hægt að byrja snemma. Boðið er upp á forskóla í tónlist fyrir leikskólabörn, söng og leiklistarþjálfun í söngleikjadeild fyrir grunnskólabörn og svo nám á hljóðfæri að mestu í formi einkatíma fyrir þá sem það velja. Stefnt er að því að auka þátt samspils minni hópa í tónlistarnáminu. Auk hefðbundinna tónleika og tónfunda koma nemendur Tónlistarskólans fram við fjölmörg tækifæri og taka þátt í ýmsum verkefnum.

Kennsluaðferðir og viðfangsefni Tónlistarskólans eru fjölbreytt og sveigjanleg og henta börnum, ungmennum og fullorðnum. Aðferðar og inntak námsins er í stöðugri þróun. Einnig eru nýjar námsleiðir í tónlist í skoðun og verður áhersla lögð á sköpun og tækni.

Nýlega var ákveðið að skólinn víkkaði út starfssvið sitt og verði í áföngum alhliða listaskóli. Stefnt er að því að bjóða bæði listnám og þátttöku í listtengdum verkefnum á breiðum grunni með fjölbreytni að leiðarljósi. Listaskólinn mun reglulega bjóða formleg námskeið eða námsleiðir í listum og jafnframt vera í samvinnu við aðila sem vinna með börnum og ungmennum að stærri verkefnum á sviði lista. Mest áherslu verður í upphafi á að byggja upp grunn að samstarfi við listfræðsluaðila, prófa ólík verkefni og leiðir og mæta áhuga ungs fólks.

Á næstu misserum verður megináhersla á að:

- Hefja tilraunir með aukna fjölbreytni í framboð á námi á sviði tónlistar með sérstakri áherslu á samspil, sköpun og hljóðvinnslu.
- Taka í notkun netlægt kerfi til að efla og styðja við tónlistarkennsluna, auka og bæta aðgengi að henni og jafnvel fjölga tilboðum.
- Skoða möguleika á auknu samstarfi Tónlistarskólans (síðar listaskólans) við leik- og grunnskóla í Borgarbyggð.

- Prófa hvort og hvernig bjóða megi valdar leiðir á sviði listfræðslu fyrir breiðan hóp nemenda á grunni netlægs kerfis í bland við staðbundnar smíðjur.
- Styðja og styrkja leiklistarstarf barna og ungmenna með markvissum tilboðum sem hönnuð verða í samráði við virka aðila á vettvangi.

Starfsfólk, starfs- og skólaþróun

Skólarnir í Borgarbyggð hafa á að skipa öflugum starfsfólki sem býr yfir faglegri þekkingu og hefur sýnt metnað, áhuga og framsækni í starfi. Sveitarfélagið hefur styrkt starfsfólk til náms. Þó vantar enn fagmenntað starfsfólk á leikskólastiginu og brýnt að bæta þar úr. Lögð er áhersla á að skólarnir byggi upp lærdómssamfélög og skapi menningu sem hvetur til og viðheldur stöðugu námi meðal starfsfólks í þeim sameiginlega tilgangi að styrkja nám nemenda.

Á næstu árum verður megináhersla lögð á:

- Áframhaldandi stuðning við teymiskennslu, teymisvinnu og samstarfsmenningu.
- Að bjóða starfsfólki virka endurmenntun og starfsþróunartækifæri; formlegt réttindanám sem nýtist í skólastarfi, námskeið, fræðslufundi, leshringi, samráðsfundi, faghópastarf, skólaheimsókir og fræðsluferðir.
- Að nýta ytra og innra mat með markvissum hætti til ígrundunar og þróunar á námi og kennslu.
- Áfram verði unnið að því að bæta starfsumhverfið í skólunum.
- Kennurum og öðru starfsfólki skólanna verði skapað svigrúm til að vinna að formlegum skólaþróunarverkefnum og veita þeim stuðning við framkvæmd þeirra.

Samstarf heimila og skóla

Áríðandi er að heimili og skólar vinni saman að menntun og velferð nemenda og að gagnkvæmt traust og virðing ríki. Vitað er að jákvæð viðhorf foreldra til skólans og þátttaka þeirra hefur jákvæð áhrif á viðhorf barna til náms, skóla og menntunar. Í almennum hluta Aðalnámskrár grunnskóla (bls. 45) segir:

Velferð barna og farsæl námsframvinda byggist ekki síst á því að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinna og gæti hagsmuna þeirra í hvívetna, eigi gott samstarf við skóla, veiti skólanum viðeigandi upplýsingar og taki þátt í námi barna sinna og foreldrastarfi frá upphafi til loka grunnskóla.

Forsenda árangurs hvað þetta varðar er að foreldrar finni sig eiga virka hlutdeild í námi barna sinna og þeir fái tækifæri til að koma skoðunum sínum um nám þess og skólastarfið á framfæri og finni að á þá sé hlustað.

Til að efla enn samstarf heimila og skóla um nám og velferð barnanna verður lögð áhersla á að:

- Skólarnir séu opnir foreldrum og forráðamönnum og að þeir finni sig velkomna.
- Sveitarfélagið bjóði nýjum foreldrum á öllum skólastigum fræðslu um réttindi og skyldur foreldra í skólasamfélaginu.
- Kynna foreldrum þau verkefni sem nemendur eru að fást við hverju sinni með fjölbreyttum hætti.
- Efnt sé til reglulegra samráðsfunda með foreldrum („foreldrakaffi“, „súpufundir“, hugarflugsfundir). Sérstök áhersla verði lögð á að kynna foreldum innleiðingu Barnasáttmálans og hlutverk þeirra verkefninu Barnvænt samfélag.

- Efnt verði til samræðu við foreldra um mikilvægi leikskólastigsins, sem og mikilvægis stuðnings foreldra við máluppeldi og lestrarnám.
- Foreldrar fylgist náið með námi barnsins og sýni skólaverkefnunum áhuga og ræði þau við það.
- Foreldrar vinni með skólunum að því að efla lestraráhuga, lesi með börnunum og ræði efnið við þau.

Skólinn og nærsamfélagið

Í skólunum í Borgarbyggð hefur verið lögð áhersla á góð tengsl við samfélagið og að tengja skólastarfið nærumhverfinu. Áhersla hefur verið lögð á að kynna skólastarfið fyrir íbúum meðal annars með opnum skóladegi þar sem allir skólarnir kynntu dæmi úr fjölbreyttu starfi. Nefna má útikennsluna, samstarf við stofnanir og fyrirtæki um atvinnutengt nám og kynningar, samstarfssamninga við Menntaskóla Borgarfjarðar og háskólana. Þessi tengsl veiktust í heimsfaraldrinum en framundan eru mörg tækifæri til að sækja aftur fram og efla þau. Hér má nefna:

- Á næstu misserum verði kynningarstarf eftt og markvisst leitað tækifæra til að gera starf skólanna enn sýnilegra (kynningar, sýningar á verkum nemenda).
- Opinn skóladagur, þar sem skólarnir kynna íbúum starfsemi sína, verði haldinn annað hvert ár.
- Leitað verði leiða til efla enn frekar samstarf atvinnulífs og skóla í Borgarbyggð (starfskynningar, heimsóknir á vinnustaði, þátttökunám) meðal annars til að stuðla að fjölbreyttari námstækifærum fyrir nemendur.
- Samfélagsþátttökuverkefni verði fastur liður í starfi grunnskólanna (starf með leikskólabörnunum og eldri borgurum, umhverfis- og átaksverkefni, góðgerðarstarf).
- Samstarfs verði leitað við eldri borgara um aðstoð við nám (lestrarafar og -ömmur) Leikskólarnir fá eldri borgara í heimsókn til að spila með börnunum eða lesa með þeim.
- Skoðað verður hvort unnt er að nýta söfnin í Borgarbyggð (Landnámssetrið, Safnahúsið, Héraðsbókasafnið, Snorrastofu) enn betur í náminu.

Skólabyggingar og námsumhverfi

Í skólunum í Borgarbyggð hefur verið lögð áhersla á sveigjanlegt, hvetjandi, hlýlegt og vel búið námsumhverfi. Í Borgarnesi er risin glæsileg viðbygging við grunnskólann, auk annarrar endurnýjunar. Ný leikskólabygging hefur verið tekin í notkun á Kleppjárnsreykjum og þar sköpuð góð starfsmannaáðstaða fyrir bæði skólastigin. Mörg verkefni sem snerta húsnæði og aðstöðu eru framundan.

- Leikskólarnir í Borgarnesi anna ekki eftirspurn. Huga þarf að stækkun þeirra skóla sem fyrir eru eða hvort byggja þurfi nýjan. Bæta þarf starfsumhverfi í nokkrum leikskólanna.
- Endurnýja þarf hluta húsnæðis Grunnskóla Borgarfjarðar.
- Bæta þarf útiaðstöðu í þeim skólum þar sem henni er ábótavant.
- Markvisst þarf að bæta og efla tækjabúnað svo nýting upplýsingatækni geti orðið sjálfsagður og eðlilegur þáttur í náminu á báðum skólastigum.
- Skoða þarf hvort og hvernig hægt er að auka fjölbreytni í vinnuaðstöðu nemenda.
- Markvisst verði unnið að því að skóladagur barnanna verði sem samfelldastur með tónlistar- og íþróttastarfi.

Virk skólastefna

Sú skólastefna sem hér er mörkuð er byggð á gögnum sem til urðu á samráðsfundum við undirbúning hennar; upplýsingum, hugmyndum og viðhorfum. Miklu skiptir að stefnunni sé fylgt eftir og hún notuð sem gátlisti til að fylgja eftir þeim ákvörðunum sem ákveðið verður að ráðast í. Það er á ábyrgð fræðslunefndar, fjölskyldusviðs, skólastjórnenda og annars fagfólks í skólunum að fylgja því eftir að stefnan sé lifandi og virk. Skólarnir munu laga skólanámskrár sínar að skólastefnunni og móta aðgerðaáætlanir sínar í samræmi við hana í tengslum við starfsáætlanir, niðurstöður ytra mats og ársskýrslur. Þá verði efnt til árlegra funda eða skólaþings um framgang stefnunnar og skulu fræðslunefnd og fjölskyldusvið sjá um undirbúning og framkvæmd þeirra.

Eftirfarandi atriði þarfnast frekari umræðu:

1. Undirbúningstími ófaglærðra leikskólustarfsmanna. Kemur til greina að veita hann?
2. Hvernig á að koma til móts við styttingu vinnuvikunnar?
3. Á Borgarbyggð að hafa frumkvæði að því að samræma í skrefum starfstíma leik- og grunnskóla. Nefna má vetrarfrí, jólafrí og frí í dymbilviku. Þetta kynni, með öðru, að laða fagfólk að leikskólunum og tengist fjölskyldustefnu Borgarbyggðar um barnvænt samfélag.
4. Kemur til greina að sveitarfélagið veiti styrki til þróunarverkefna? Slíkir styrkir eru veittir í mörgum sveitarfélögum.
5. Ræða þarf stöðu tónmenntakennslunnara í grunnskólunum?
6. Á sveitarfélagið að setja á stofn ungbarnaleikskóla?
7. Möguleikar á aukinni þjónustu við íbúa, t.d. aðgangur leikskólabarna að skólaakstri.
8. Hugmyndir um útikennslumiðstöð.
9. Hvað leggur sveitarfélagið af mörkum varðandi vettvangsferðir nemenda og er hægt að auka þar í?
10. Einnig þetta: Sú hugmynd kom fram að efna til samkeppni um sérstök einkunnarorð fyrir þessa skólustefnu. Yrði það verkefni nýrrar fræðslunefndar og tengt við innleiðingarátætlun.